

Reykjavík, 12. nóvember 2013

Sáttargerð vegna innheimtustarfsemi Dróma hf.

Að fengnum ábendingum hóf Fjármálaeftirlitið í lok árs 2012 athugun á innheimtustarfsemi Dróma hf. Athugunin beindist að því hvort innheimta Dróma hf., annars vegar á lánum í eigu Eignasafns Seðlabanka Íslands ehf. (ESÍ)/Hildu ehf. og hins vegar á lánum í eigu Frjálsa hf., félli undir 3. gr. innheimtulaga nr. 95/2008 og krefðist innheimtuleyfis.

Samkvæmt 3. gr. innheimtulaga mega innheimtuaðilar því aðeins stunda frum- og milliinnheimtu gjaldfallinna peningakrafna fyrir aðra að þeir hafi fengið innheimtuleyfi, stundi innheimtuna frá fastri starfsstöð hér á landi, nema annað leiði af alþjóðasamningum sem binda Ísland, og að þeir hafi í gildi starfsábyrgðartryggingu.

Af hálfu Dróma hf. var á því byggt að innheimta félagsins á lánum í eigu ESÍ/Hildu hefði ekki verið gerð í atvinnuskyni og félli þar af leiðandi ekki undir 3. gr. innheimtulaga. Var í því sambandi vísað til þess að lánin hefðu áður verið í eigu Dróma hf. og að um tímabundna ráðstöfun hefði verið að ræða. Þá byggði Drómi hf. á því að innheimta félagsins á lánum í eigu Frjálsa hf. hefði ekki fallið undir 3. gr. innheimtulaga þar sem um eigin innheimtu hefði verið að ræða með hliðsjón af því að Frjálsi hf. væri dótturfélag Dróma hf. og að sömu starfsmenn hefðu eftir sem áður sinnt innheimtunni í nafni Frjálsa hf. þrátt fyrir að vera á launaskrá hjá Dróma hf.

Fjármálaeftirlitið féllst ekki á sjónarmið Dróma hf. og taldi félagið hafa stundað frum- og milliinnheimtu á lánum í eigu ESÍ/Hildu sem félli undir 3. gr. innheimtulaga og krefðist innheimtuleyfis. Þá hefði Drómi hf. jafnframt stundað innheimtu á lánum í eigu Frjálsa hf. í andstöðu við 3. gr. innheimtulaga. Með hliðsjón af framangreindu fór Fjármálaeftirlitið fram á að Drómi hf. stöðvaði innheimtustarfsemi sína eða skilaði inn fullnægjandi umsókn um innheimtuleyfi fyrir tiltekin tímamörk.

Drómi hf. varð við kröfum Fjármálaeftirlitsins og tók Arion banki hf. við frum- og milliinnheimtu lána í eigu ESÍ/Hildu. Þá voru þeir starfsmenn Dróma hf. sem höfðu sinnt innheimtu á lánum í eigu Frjálsa hf. gerðir að starfsmönnum Frjálsa hf. og innheimtan því ekki lengur í andstöðu við 3. gr. innheimtulaga.

Með vísan til framangreinds, atvika málsins að öðru leyti, 19. gr. innheimtulaga og reglna nr. 1245/2007 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt, var framangreindri athugun lokið með sátt að fjárhæð 2.800.000 krónur.